



# Líknarþjónusta

Fimm ára aðgerðaráætlun 2021 til 2025

| **Stjórnarráð Íslands**  
Heilbrigðisráðuneytið



**Útgefandi:**

Heilbrigðisráðuneytið

Mars 2021

hrn@hrn.is

www.hrn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Heilbrigðisráðuneytið

©2019 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-02-5

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>5</b>
Skilgreining hugtaka .....	7
<b>1. Forysta til árangurs.....</b>	<b>8</b>
1.1 Auka aðgengi fagfólks að sérfræðiþekkingu um líknarmeðferð .....	8
1.2 Tryggja að líknarmeðferð sé í boði fyrir alla þá heimilismenn hjúkrunarheimila sem á þurfa að halda .....	8
1.3 Styðja við þekkingu í að veita almenna líknarmeðferð í heimahjúkrun .....	9
<b>2. Rétt þjónusta á réttum stað .....</b>	<b>10</b>
2.1 Efla samvinnu og samskipti fagstéttá í sérhæfðri líknarmeðferð .....	10
2.2 Tryggja skilvirka/örugga læknisþjónustu fyrir sjúklinga í heimahjúkrun .....	10
2.3 Virk teymisvinna fagstéttá á hjúkrunarheimilum .....	10
2.4 Virk teymisvinna í líknarmeðferð sem veitt er á heimili fólks í gegnum heimahjúkrun .....	11
<b>3. Fólkioð í forgrunni .....</b>	<b>12</b>
3.1 Líknarmeðferð hluti af námsskrá í námi fagstéttá .....	12
3.2 Líknarmistöðvar miðli þekkingu til fagstéttá .....	12
3.3 Efla sérþekkingu fagfólks sem starfar á hjúkrunarheimilum og þeirra sem veita líknarmeðferð á heimilum fólks.....	13
<b>4. Virkir notendur .....</b>	<b>14</b>
4.1 Auka þekkingu og efla skilning almennings á tilgangi og eðli líknarmeðferðar /lífslokameðferðar .....	14
4.2 Virkja stuðnings- og eftirlitsnet í kringum sjúkling og fjölskyldu hans í heimaþjónustu .....	14
4.3 Tryggja reglulegt samtal um meðferðarmarkmið og meðferðarstig til þess að draga fram lífsgildi sjúklings, óskir hans og markmið meðferðar .....	15
<b>5. Skilvirk þjónustukaup .....</b>	<b>16</b>
5.1 Að sérhæfð líknarmeðferð standi öllum sjúklingahópum til boða .....	16

5.2 Að útbúa líknarrými í tengslum við hjúkrunar- eða sjúkrarými fyrir sjúklinga í heimaþjónustu um allt land .....	16
<b>6. Gæði í fyrirrúmi.....</b>	<b>17</b>
6.1 Bætt skráning og staðlað verklag um líknarmeðferð.....	17
6.2 Tryggja gæði líknarþjónustu á hjúkrunarheimilum.....	17
6.3 Tryggja gæði líknarmeðferðar í heimaþjónustu.....	18
<b>7. Hugsað til framtíðar.....</b>	<b>19</b>
7.1 Bæta menntun fagfólks í upplýsingatækni og þjálfun í notkun fjarheilbrigðisþjónustu .....	19
7.2 Stuðningsmeðferð í heimaþjónustu .....	19
7.3 Markviss nýting fjarheilbrigðisþjónustu og velferðartækni í veitingu líknarþjónustu á öllum stigum.....	19

# Inngangur

Í janúar 2019 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp til að gera tillögur að skipulagningu líknar- og lífslokameðferðar á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, suður- og vesturlandi. Hlutverk hópsins var að taka saman yfirlit, greina þörf líknar- og lífslokameðferðar á svæðinu ásamt því að setja fram tillögur um skipulag og framkvæmd og gera kostnaðaráætlun. Hópurinn skilaði ráðherra [skýrslu](#) í nóvember sama ár. Áður hafði starfshópur um skipulagningu líknar- og lífslokameðferðar á Akureyri á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og Heilbrigðisstofnunar Austurlands lokið störfum og skilað af sér [skýrslu](#) um sama efni.

Frá því skýrslurnar komu út hafa forstöðumenn hjúkrunarheimila og forstjórar heilbrigðisstofnana verið hvött til að rýna skýrslurnar og innleiða hjá sér þær tillögur sem þar eru lagðar fram og eftt geta þjónustuna.

- Heimahlynning á Akureyri fluttist yfir á Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) og var gerð að sérstöku teymi innan SAk. Ráðinn var teymisstjóri sem hefur yfirumsjón með sampættingu og uppbyggingu þjónustunnar á starfssvæðinu skv. tillögum norðlenska líkansins.
- Stefnt er að því að heilbrigðisstofnanir um allt land komi sér upp líknarrýmum í tengslum við aðra veitta heilbrigðisþjónustu þar sem þörf er á og því verður við komið. Nú þegur hefur Heilbrigðisstofnun Suðurlands opnað fjölgur ný líknarrými á Selfossi.
- Landspítali hefur fengið fjármagn til að fylgja hjá sér sérhæfðum bráðaplássum á líknardeild og tveimur almennum líknarrýmum ásamt því að koma á fót líknarmiðstöð Landspítala.

## Framtíðarsýn líknarþjónustu á sérgreinasjúkrahúsum

Líknarmiðstöð er starfrækt á báðum sérgreinasjúkrahúsum landsins sem styrkir sérhæfingu í líknarþjónustu fyrir landið allt. Miðstöðin stendur auk þess fyrir stuðningi og fræðslu við þróun almennrar líknarþjónustu sem veitt er af öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu á landsvísu. Sjúkrahúsin hafa samstarf sín á milli varðandi mögulegt bakland eða stuðning á landsvísu.


## Framtíðarsýn líknarþjónustu á hjúkrunarheimilum

Líknarmeðferð hefst þegar íbúi flyst inn á hjúkrunarheimili og felur í sér opin og stöðug samskipti um einkenna- og líknarmeðferð íbúans ásamt því að haldir er lífsskrá um meðferðarmarkmið og óskir íbúa á hverjum tíma. Á heimilunum starfar starfsfólk með þekkingu og reynslu í líknar- og lífslokameðferð.

## Framtíðarsýn líknarþjónustu í heimaþjónustu

Sjúklingum stendur til boða að fá líknar- og lífslokameðferð heima með aðkomu heimahjúkrunar. Staðlað verklag, fjölbreyttur faglegur stuðningur og innlagnir í líknarrými gera þetta mögulegt og fjarheilbrigðistækni er nýtt eins og kostur er. Í hverju heilbrigðisumdæmi er starfrækt staðbundið líknarteymi sem hjúkrunarfræðingar og læknar í heilsugæslu og heimaþjónustu geta leitað til.

### Mynd 1: Fyrirhugað skipulag líknar- og lífslokameðferðar m.t.t. verkefna og sérhæfingu þjónustuveitenda.



Eftirfarandi aðgerðaráætlun um líknarmeðferð er ætlað að draga saman helstu tillögur begga hópa og leggja sameiginlega línu fyrir landið allt. Til hliðsjónar eru fyrirmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að aðildarriki hafi líknarmeðferð sem hluta af sinni heilbrigðispjónustu en rammi áætlunarinnar byggist á flokkum heilbrigðisstefnu.

Áætlunin hefur verið lögð í almennt samráð haghafa til að tryggja sem viðtækasta sátt. Hún hefur tekið breytingum í samræmi við þær athugasemdir sem borist hafa.

## Skilgreining hugtaka

**Líknarmeðferð:** Líknarmeðferð byggist á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem lögð er áhersla á að veita árangursríka meðferð verkja og annarra einkenna og sálfélagslegan og andlegan stuðning sem er í samræmi við þarfir, gildi og menningarlegan bakgrunn sjúklings og fjölskyldu hans.

**Almenn líknarmeðferð:** Líknarmeðferð sem veitt er af heilbrigðisstarfsfólki í heimahjúrun, á hjúkrunarheimilum og í líknarrýmum sjúkradeilda.

**Sérhæfð líknarmeðferð:** Líknarmeðferð sem veitt er af heilbrigðisstarfsfólki sem hefur sótt sér frekari sémenntun, reynslu og þekkingu á sviði líknarmeðferðar.

**Líknarrými:** Legurými þar sem veitt er almenn líknarmeðferð þar sem hægt er að leggja inn sjúklinga í styttri legur fyrir stoðmeðferð eða lífslokameðferð. Líknarrýmum er ætlað að styðja við heimahjúrun og er ætlað að styrkja þjónustu í nærumhverfi sjúklings.

**Lyfjaskrín:** Box sem geymir lyfjaval til einkennameðferðar við lok lífs. Í boxinu er einnig að finna áhöld til lyfjagafa, meðferðarleiðbeiningar og matsblöð.

**Líknarmiðstöð:** Þekkingareining sem rekin er á sérgreinasjúkrahúsum og starfar í nánum tengslum við líknardeildir. Miðstöðinni er ætlað að veita ráðgjöf til þjónustuveitenda um allt land, stuðning, fræðslu og þjálfun.

**Bráðapláss á líknardeild:** Legurými sem fyrst og fremst er ætlað að taka við sjúklingum sem eru í sérhæfðri heimajónustu og þurfa innlögn vegna versnandi einkenna.

**Lífsskrá:** Skjal í Sögukerfinu sem greinir frá óskum fólks um meðferð við lífslok, geti það ekki sjálft tekið þátt í ákvörðunum um meðferðina vegna andlegs eða líkamlegs ástands.

# 1. Forysta til árangurs

## Áhersla í heilbrigðisstefnu er lögð á:

Stjórnun og samhæfingu – Löggjöf um heilbrigðisþjónustu – Stjórnun og forystu – Siðferðileg viðmið og gildismat.

## 1.1 Auka aðgengi fagfólks að sérfræðiþekkingu um líknarmeðferð

### Aðgerð

1. Miðlæg líknarmiðstöð á Landspítala og Sjúkrahúsínu á Akureyri. Miðstöðvarnar skulu hafa með sér samráð um samvinnu og/eða verkaskiptingu.
2. Viðbótarstöðugildi í hjúkrunar- og læknisfræði í líknarráðgjafateymi. Skilgreina stöðu annarra meðlima teymisins.
3. Líknarmiðstöð leggur til eða vísar í klínísk viðmið um líknarmeðferð.

### Mælanleg markmið

1. Skilgreind eining, með skýrum ferlum og tengiliðaupplýsingum
2. Fullmótað teymi
3. Klínísk viðmið aðgengileg þjónustuveitendum

### Ártal

2021

## 1.2 Tryggja að líknarmeðferð sé í boði fyrir alla þá heimilismenn hjúkrunarheimila sem á þurfa að halda

### Aðgerð

1. Setja á fót vinnuhóp um almenna líknarmeðferð á hjúkrunarheimilum. Hópnum er ætlað að vinna að framgangi líknarmeðferðar á hjúkrunarheimilum og setja þjónustuvíðmið.

### Mælanleg markmið

1. Hópurinn skipaður og þjónustuvíðmið til staðar

### Ártal

2021

## 1.3 Styðja við þekkingu í að veita almenna líknarmeðferð í heimahjúkrun

### Aðgerð

1. Tilnefna aðila sem veitir málinu forstöðu í hverju heilbrigðisumdæmi (ráðgefandi líknarteymi fyrir svæðið).

### Mælanleg markmið

1. Tilnefndur aðili fyrir hvert svæði um allt land

### Ártal

2021

## 2. Rétt þjónusta á réttum stað

### Áhersla í heilbrigðisstefnu er lögð á:

Heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi – Þjónustustýringu og samspil þjónustustiganna þriggja til að tryggja öryggi, hagkvæmni og jafnræði – Öfluga sjúkraflutninga og þróun heilbrigðisþjónustu sem bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

### 2.1 Efla samvinnu og samskipti fagstéttu í sérhæfðri líknarmeðferð

#### Aðgerð

1. Efla teymisvinnu og skilgreina hlutverk hennar innan sérgreinasjúkrahúsanna.
2. Auka rafræn samskipti og aðgang að rafrænni miðlun gagna.

#### Mælanleg markmið

1. Skilgreint þverfaglegt teymi um sérhæfða líknarmeðferð innan sjúkrahúsanna sem gengur þvert á svið
2. Allir vinni í rafrænum kerfum sem tala saman

#### Ártal

2021-2022

### 2.2 Tryggja skilvirka/örugga læknisþjónustu fyrir sjúklinga í heimahjúkrun

#### Aðgerð

1. Skýra verklag á þann hátt að skjólstæðingur er almennt í umsjá læknis heilsugæslu. Við breytingu á ástandi þá flyst læknisfræðileg ábyrgð yfir á bráða heimateymi aldraðra þar sem það á við

#### Mælanleg markmið

1. Skilgreindir verkferlar til staðar. Mat á komum á bráðamóttöku fyrir skilgreindan sjúklingahóp, mat á legudögum í tengslum við bráðainnlagnir og mat á ferli útskrifta af sérgreinasjúkrahúsum

#### Ártal

2021

### 2.3 Virk teymisvinna fagstéttu á hjúkrunarheimilum

#### Aðgerð

1. Tryggja að aðkoma og hlutverk allra aðila sem koma að meðferð og umönnun sé skýrt og skilgreint

2. Boðið er upp á aðkomu öldrunarlækna /krabbameinslækna /heimilislækna með þekkingu á almennri líknarmeðferð eftir þörf íbúanna.

**Mælanleg markmið**

1. Skilgreint þverfaglegt teymi um almenna líknarmeðferð innan heimilis /stofnunar, sem gengur þvert á deildir þess
2. Samningur eða samkomulag um samstarf

**Ártal**

2021-2023

## 2.4 Virk teymisvinna í líknarmeðferð sem veitt er á heimili fólks í gegnum heimahjúkrun

**Aðgerð**

1. Tryggja að aðkoma og hlutverk allra teymisaðila sé skýrt og skilgreint.
2. Tryggja aðgengi að læknum með þekkingu og færni í líknarmeðferð.
3. Aðgangur skipuleggjenda heimahjúkrunar að fjölbreyttum fagstéttum, s.s. sálfræðingi, félagsráðgjafa, lyfjafræðingi, næringarfræðingi eftir því sem þurfa þykir.

**Mælanleg markmið**

1. Skilgreint þverfaglegt teymi um almenna líknarmeðferð innan stöðvar /stofnunar, sem gengur þvert á deildir þess
2. Þjónusta læknis með þekkingu á líknarmeðferð er til staðar ef á þarf að halda
3. Samsetning fagstéttta í teyminu

**Ártal**

2021-2025

## 3. Fólkið í forgrunni

### Áhersla í heilbrigðisstefnu er lögð á:

Mannauð og gott og öruggt starfsumhverfi – Mikilvægi þess að tryggja mönnun heilbrigðispjónustunnar með vel menntuðu, hæfu og áhugasömu fólk.

### 3.1 Líknarmeðferð hluti af námsskrá í námi fagstéttu

#### Aðgerð

1. Gera úttekt á námi fagstéttu og kortleggja umfang kennslu í líknarmeðferð.
2. Gera áætlun um þá þekkingu sem þarf að vera til staðar í samvinnu við menntastofnanir.
3. Tryggja kennslustöðu í læknisfræði og hjúkrunarfræði um líknarmeðferð.

#### Mælanleg markmið

1. Skýrsla um niðurstöðu
2. Áætlun liggur fyrir
3. Kennslustöður til staðar í a.m.k. læknis- og hjúkrunarfræði

#### Ártal

2021-2025

### 3.2 Líknarmiðstöðvar miðli þekkingu til fagstéttu

#### Aðgerð

1. Útbúa fræðsluefni sem er aðgengilegt fagfólk hvar sem er, hluti af símenntun starfsfólks.
2. Skýrt aðgengi fagfólks um land allt að ráðgjöf og sérfræðiþekkingu.
3. Bjóða læknum í sérfræðinámi upp á sérhæfð námskeið/námsdvöl á sérhæfða líknardeild.

#### Mælanleg markmið

1. Fræðsluefni liggur fyrir og er aðgengilegt (á rafrænu formi) öllu fagfólk sem á því þarf að halda.
2. Upplýsingar um faglega tengiliði liggi fyrir á heimasíðum eða rafrænum gáttum s.s. netföng, sími, tími þjónustu o.fl.
3. Námsleið í boði og námsmat skilgreint. Mögulega valnámskeið

#### Ártal

2021-2023

### 3.3 Efla sérþekkingu fagfólks sem starfar á hjúkrunarheimilum og þeirra sem veita líknarmeðferð á heimilum fólks

#### Aðgerð

1. Regluleg fræðsla frá líknarmiðstöð með möguleika á miðlun í gegnum fjarfundi.
2. Fagfólk standi til boða námskeið í líknarmeðferð frá líknarmiðstöð.
3. Uppbygging tengiliðanets á hjúkrunarheimilum og í heimahjúkrun sem hefur ábyrgð á almennri líknarmeðferð og tryggir fræðslu og símenntun starfsfólks.

#### Mælanleg markmið

1. Fjöldi þáttakenda, hlutfall eininga/stofnana sem þegið hafa fræðslu
2. Hlutfall starfsfólks sem sækir námskeið á hverjum stað
3. Ábyrgðaraðili tilnefndur á hverri starfsstöð/stofnun. Fagfólk sýni fram á þekkingu á almennri líknarmeðferð og viti hvert það eigi að leita með ráðgjöf.

#### Ártal

2021-2022

## 4. Virkir notendur

### Áhersla í heilbrigðisstefnu er lögð á:

Leiðir til að efla heilsulæsi fólks og auðvelda því að velja þjónustu við hæfi með greiðum aðgangi að upplýsingum – Hagnýtingu upplýsinga – tækninnar til að veita landsmönnum upplýsingar, þjónustu og leiðsögn um heilbrigðiskerfið.

### 4.1 Auka þekkingu og efla skilning almennings á tilgangi og eðli líknarmeðferðar /lifslokameðferðar

#### Aðgerð

1. Greinaskrif, viðburðir, samstarf við hagsmunahópa og aðstandendafélög
2. Fræðsluefnir fyrir almenning aðgengilegt á Heilsuveru
3. Lífsskrá aðgengileg í Heilsuveru

#### Mælanleg markmið

1. Huglægt mat á viðhorfi almennings
2. Fræðsluefnir fyrir hendi á Heilsuveru
3. Lífsskrá í Heilsuveru

#### Ártal

2021-2022

### 4.2 Virkja stuðnings- og eftirlitsnet í kringum sjúkling og fjölskyldu hans í heimabjónustu

#### Aðgerð

1. Kortlagning stuðningsnets órjúfanlegur hluti af líknarþjónustu með þjálu skapalóni í Sögukerfinu þar sem hlutverk hvers og eins er skilgreint.
2. Sérstakur stuðningur við fjölskyldur og umönnunaraðila inna fjölskyldna þannig að þeim verði boðið upp á fjölskyldufundi og sértækan stuðning.
3. Nýta vettvangsliða í eftirliti og við mat á sjúklingi þar sem við á og styrkja umgjörð í kringum vettvangsliða á svæðinu. Fræðsla og þjálfun.

#### Mælanleg markmið

1. Fjölskyldutré og aðrir stuðningsaðilar skilgreindir í Sögukerfinu.
2. Þjónustukönnun meðal aðstandenda
3. Verklag til staðar ásamt skýrum leiðbeiningum og tengiliðaupplýsingum.  
Tryggja góða skráningu og mat á árangri.

**Ártal**

2021-2022

**4.3 Tryggja reglulegt samtal um meðferðarmarkmið og meðferðarstig til þess að draga fram lífsgildi sjúklings, óskir hans og markmið meðferðar****Aðgerð**

1. Skilgreina verklag og skráningu um meðferðarsamtal og meðferðarmarkmið.
2. Upplýsingar um vilja sjúklings aðgengilegar öllum viðbragðs- og umönnunaraðilum með Lífsskrá í Heilsuveru og meðferðarstig skráðar í snjókornið í Sögukerfinu.

**Mælanleg markmið**

1. Aðgengilegt gæðaskjal til staðar á öllum starfsstöðvum
2. Rafræn lífsskrá og meðferðartakmarkanir aðgengilegar og útfylltar í Sögukerfinu.

**Ártal**

2021-2022

# 5. Skilvirk þjónustukaup

## Áhersla í heilbrigðisstefnu er lögð á:

Kaup hins opinbera á heilbrigðisþjónustu – Fjármögnunarkerfi sem stuðla að gæðum og hagkvæmni veittrar þjónustu – Greiðsluþáttöku sjúklinga.

## 5.1 Að sérhæfð líknarmeðferð standi öllum sjúklingahópum til boða

### Aðgerð

1. Skilgreina sjúklingahópa og meta þörfina
2. Gera áætlun og kostnaðarmat um sérhæfða líknarmeðferð

### Mælanleg markmið

1. Áætlun liggur fyrir
2. Áætlun liggur fyrir

### Ártal

2021-2022

## 5.2 Að útbúa líknarrými í tengslum við hjúkrunar- eða sjúkrarými fyrir sjúklinga í heimaþjónustu um allt land

### Aðgerð

1. Innleiða staðlaða lýsingu á aðbúnaði og eiginleikum rýmis (tillaga á bls. 42 í skýrslu um framtíðarskipan líknarþjónustu á Íslandi).
2. Endurskoða kröfulýsingu fyrir hjúkrunarheimili hvað varðar rekstur á líknarrýmum.
3. Setja viðmið um innlagnir í líknarrými á hverjum stað.
4. Koma á fót almennum líknarrýmum í öllum heilbrigðisumdæmum.  
Fjöldi skal miðast við þörf á hverjum stað.

### Mælanleg markmið

1. Stöðluð lýsing til staðar
2. Kostnaðarmat um líknarrými liggur fyrir. Mat á fjölda rýma í hverju umdæmi.
3. Innlagnarviðmið liggur fyrir
4. Fjöldi líknarrýma í heilbrigðisumdæmum

### Ártal

2021-2025

# 6. Gæði í fyrirrúmi

## Áhersla í heilbrigðisstefnu er lögð á:

Gæði og öryggi – þróun gæðavísá sem sýna árangur þjónustunnar – Gæðaáætlun landlæknisembættisins – Hvernig auka má gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar.

## 6.1 Bætt skráning og staðlað verklag um líknarmeðferð

### Aðgerð

1. Að líknarmiðstöðvar hafi forgöngu um samræmda skráningu í Sögu hvað varðar almenna og sérhæfða líknarmeðferð.
2. Líknarmiðstöðvar útbúa matstæki sem nýtist við almenna líknarmeðferð á heilbrigðisstofnunum, í heimahjúkrun og á hjúkrunarheimilum.
3. Útbúa fyrirmynnd að lyfjaskríni og innleiða notkun þess á landsvísu.
4. Útbúa almennt verklag um sorgarvinnu og eftirfylgd við syrgjendur eftir andlát.

### Mælanleg markmið

1. Gæðaskjöl til staðar
2. Matstæki til staðar
3. Lyfjaskrín með leiðbeiningum stendur þeim til boða sem kjósa að nýta sér það.
4. Líknarmiðstöðvar hafa forgöngu um slíkt verklag í samvinnu við aðra aðila þjónustunnar sem veita almenna líknarmeðferð.

### Ártal

2021-2022

## 6.2 Tryggja gæði líknarþjónustu á hjúkrunarheimilum

### Aðgerð

1. Útbúa staðlaða verkferla um almenna líknarmeðferð og meta reglulega ánægju skjólstæðinga og aðstandenda með þjónustuna.
2. Embætti landlæknis hafi eftirlit með að unnið sé skv. klínískum verkferlum/leiðbeiningum.
3. Setja viðmið um mönnun í líknarmeðferð.
4. Tilgreina matskvarða um færni starfsfólks í veitingu almennrar líknarmeðferðar.
5. Innleiða notkun lyfjaskríns við lok lífs.
6. Innleiða samræmda skráningu í Sögu um líknarmeðferð.

### Mælanleg markmið

1. Skilgreindir verkferlar til staðar, þjónustukannanir

2. Að mat á gæðum líknarmeðferðar sé hluti af eftirliti EL með þjónustuveitendum.
3. Viðmið til staðar á hverjum stað.
4. Færnimat sem hluti af starfslýsingu og hæfniskrömum fyrilliggjandi.
5. Fjöldi hjúkrunarheimila sem nýta sér lyfjaskrín við lok lífs.
6. Reglulegar úttektir stjórnenda hjúkrunarheimila á rafrænni skráningu.

**Ártal**

2021-2024

## 6.3 Tryggja gæði líknarmeðferðar í heimabjónustu

**Aðgerð**

1. Útbúa staðlaða verkferla í kringum þá almennu líknarþjónustu sem veita á á hverjum stað og meta reglulega ánægju skjólstæðinga og aðstandenda með þjónustuna.
2. Embætti landlæknis hafi eftirlit með að unnið sé skv. klínískum verkferlum.
3. Setja viðmið um sólarhrings mönnun í líknarþjónustu.
4. Tilgreina matskvarða um færni starfsfólks í veitingu almennrar líknarmeðferðar.
5. Innleiða notkun lyfjaskríns við lok lífs.
6. Innleiða samræmda skráningu í Sögu um líknarmeðferð og tryggja lesaðgang allra þjónustuveitenda að upplýsingum sjúklings á sameiginlegri tímalínu þrátt fyrir skráningu í mismunandi kerfi.

**Mælanleg markmið**

1. Skilgreindir verkferlar til staðar, þjónustukannanir.
2. Að mat á gæðum líknarmeðferðar sé hluti af eftirliti EL með þjónustuveitendum.
3. Viðmið til staðar á hverjum stað.
4. Færnimat sem hluti af starfslýsingu og hæfniskrömum.
5. Fjöldi heilsugæsla ásamt Heimabjónustu Reykjavíkur sem nýta sér lyfjaskrín við lok lífs.
6. Reglulegar úttektir stjórnenda í heimahjúkrun á rafrænni skráningu um líknarmeðferð.

**Ártal**

2021-2024

## 7. Hugsað til framtíðar

### Áhersla í heilbrigðisstefnu er lögð á:

Vísindi, menntun og nýsköpun og margvísleg tækifæri á sviði heilbrigðisvínsinda – Mikilvægi þess að menntun heilbrigðisstéttu taki mið af íslenskum aðstæðum – Að ný tækni, ný lyf og nýsköpun á sviði heilbrigðisþjónustu sé metin og innleidd á kerfisbundinn hátt.

### 7.1 Bæta menntun fagfólks í upplýsingatækni og þjálfun í notkun fjarheilbrigðisþjónustu

#### Aðgerð

1. Koma þekkingu á fjarheilbrigðisþjónustu og upplýsingatækni inn í nám fagstéttu.

#### Mælanleg markmið

1. Fjarheilbrigðisþjónusta hluti af námsskrá í námi fagstéttu

#### Ártal

2021-2025

### 7.2 Stuðningsmeðferð í heimaþjónustu

#### Aðgerð

1. Koma á fót sérstakri stuðningsmeðferð í samvinnu við félagsþjónustu sem veitir fyrirbyggjandi þjónustu og markvissa þjálfun í afmarkaðan tíma, oft í tengslum við útskrift af sjúkrahúsi.

#### Mælanleg markmið

1. Stuðningsteymi til staðar við allar heilsugæslustöðvar og hjá Heimaþjónustu Reykjavíkur

#### Ártal

2021-2025

### 7.3 Markviss nýting fjarheilbrigðisþjónustu og velferðartækni í veitingu líknarþjónustu á öllum stigum

#### Aðgerð

1. Innleiða skjáheimsóknir í heimaþjónustu samhliða hefðbundnum heimsóknum.

2. Koma á og nýta fjarfundarbúnað til greiningar, eftirlits og ráðgjafar („konsúlt“) milli heilbrigðisstarfsfólks og/eða stofnana við rúmbeð eða á heimili sjúklings (á einnig við um hjúkrunarheimili).
3. Nýta rafrænar heilbrigðislausnir til fjölskyldufunda.

**Mælanleg markmið**

1. Hlutfall skjáheimsókna af heildarfjölda heimsókna til sjúklings.
2. Fjöldi tilvika þar sem fjarfundarbúnaður er nýttur.
3. Fjölskyldufundir milli heilbrigðisstarfsfólks og aðstandenda verði alltaf mögulegir í fjarfundi.

**Ártal**

2021

